

20. maí 2015 kl: 19:30



Aðalfundur stjórnar foreldrafélags Giljaskóla haldinn 20. maí 2015 í sal Giljaskóla.

Mættir úr stjórn: Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Ellert Guðmundsson, Guðbjörg Björnsdóttir, Sigríður Ásta Hauksdóttir og Berglind Pedersen.

Dagskrá fundar:

- Venjuleg aðalfundarstörf:
- Kosning fundarstjóra
- Yfirlit og samþykkt ársreiknings félagsins
- Yfirlit yfir störf foreldrafélagsins skólaárið 2014-2015
- Kosning nýrrar stjórnar

Önnur mál:

- Kynning á hlutverki foreldrafélagsins og hlutverki bekkjarfulltrúa
- Kynning á Samtaka
- Opnar umræður

1. Fundur settur. Elli setti fundinn og fór yfir dagskrá fundar.

2. Ársreikningur. Guðbjörg fór yfir yfirlit ársreiknings og svaraði spurningum honum tengdum. Ársreikningur samþykktur.

3. Störf foreldrafélagsins skólaárið 2014-2015. Elli kynnti starf foreldrafélagsins veturinn 2014-2015 sem hefur verið nokkuð öflugt.

4. Sigríður Ásta og Berglind P. ganga úr stjórn foreldrafélagsins. Inn komu

Lilja Gísladóttir netfang: liljag@postur.is og Ásrún Hersteinsdóttir netfang: asrunh@est.is. Lilja verður tengiliður bekkjarfulltrúa úr stjórn foreldrafélagsins og Ásrún meðstjórnandi. Sigríði Ástu og Berglindi P. er þakkað innilega fyrir vel unnin störf í þágu foreldrafélags Giljaskóla.

Önnur mál:

5. Bekkjarfulltrúar. Sigríður Ásta kynnti starf og fyrirkomulag bekkjarfulltrúa í vetur. Hún hefur stýrt því starfi og haldið utan um bekkjarfulltrúa skólans. Það starf hefur

gengið mjög vel og bekkjarfulltrúar verið töluvert virkir í vetur. Ákveðið að hafa áfram einn tengilið fyrir bekkjarfulltrúa úr stjórn foreldrafélagsins.

6. SAMTAKA. Elli kynnti starf SAMTAKA.

7. Þjófnaður í skólanum. Foreldrahópurinn ræddi um þjófnað í skólanum undanfarnar vikur og lítur þessi atvik alvarlegum augum. Því er velt upp hvað skólinn sé að gera til að gæta hagsmuna nemenda sem allir liggja undir grun meðan ekki er komið til botns í málinu. Einnig rætt um að þetta sé ekki síður óþægileg staða fyrir starfsfólk skólans. Foreldrar kalla eftir aðgerðum að hálfu skólans s.s. aukinni gæslu á þeim göngum sem þetta gerist fram að skólalokum og veltir því upp hvað skólinn sé að gera í þessu máli. Ella ræðir hugmynd um læsta skápa í skólann fyrir unglingastig. Foreldrum líst mjög vel á þá hugmynd og væri það óskandi að hægt væri að framkvæma sem fyrst. Kostnaður við slíkt yrði þó töluverður fyrir skólann og ólíklegt að til séu fjármunir í slík kaup.

Fundi slitið klukkan 20:30

Fundaritari

Berglind Bergvinsdóttir